

Nr. 1091

5. desember 2013

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 934/2013 um loðnuveiðar erlendra skipa  
í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertiðinni 2013/2014.**

### 1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Grænlenskum skipum er heimilt til og með 5. febrúar 2014 að veiða með flotvörpu 18% af aflamarki hvers skips innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1.  $67^{\circ} 11' N - 014^{\circ} 30' V$
2.  $68^{\circ} 00' N - 014^{\circ} 30' V$
3.  $68^{\circ} 00' N - 008^{\circ} 30' V$
4.  $65^{\circ} 15' N - 008^{\circ} 30' V$
5.  $65^{\circ} 15' N - 011^{\circ} 20' V$
6.  $66^{\circ} 05' N - 011^{\circ} 30' V$
7.  $66^{\circ} 15' N - 012^{\circ} 00' V$
8.  $66^{\circ} 12' N - 012^{\circ} 22' V$
9.  $66^{\circ} 40' N - 012^{\circ} 40' V$
10.  $66^{\circ} 47' N - 013^{\circ} 00' V$
11.  $66^{\circ} 52' N - 013^{\circ} 08' V$
12.  $67^{\circ} 11' N - 014^{\circ} 30' V$

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall loðnu, smærri en 14 sm, yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. desember 2013.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2013